



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarrítara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. (238. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heimild efnahags- og viðskiptaráðherra til að gera úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja og aðgengi að upplýsingum til þess.

Viðskiptaráð fagnar allri viðleitni stjórnvalda til aðgerða til stuðnings heimila og fyrirtækja í landinu. Undanfarin misseri hafa verið kynnt ýmis úrræði sem ætlað er að koma til hjálpar skuldugum heimilum og fyrirtækjum í landinu. Nýlega voru til að mynda kynnt til sögunnar úrræði fyrir skuldug heimili landsins sem eru viðbót við þau úrræði sem þegar hafa verið innleidd. Í því samhengi hefur Forsætisráðherra gefið út þá yfirlýsingu að fleiri aðgerðir verði ekki settar fram til aðstoðar heimilum, enda von um að þær sem þegar hafi verið samþykktar dugi til að koma sem flestum þeirra á réttan kjöi. Einnig hefur verið unnið í aðgerðarumhverfi fyrir fyrirtæki í vandræðum og til að mynda er nú unnið í samstarfi ríkisstjórnar, helstu hagsmunasamtaka og fjármálafyrirtækja að svokallaðri samningsdrögum að aðgerðarþakka sem ætlað er að koma fyrirtækjum til hjálpar.

Fyrirliggjandi frumvarp

Ekki er fyllilega skýrt í ofangreindu frumvarpi eða greinargerð með því til hvers þær upplýsingar sem safnað verður skuli notast. Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra sé ætlað að gera úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja á grundvelli þeirra upplýsinga sem frumvarpið veitir aðgang að. Jafnframt kemur fram að þetta sé gert til að *stjórnvöld öðlist glögga yfirsýn yfir fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja*. Hins vegar kemur ekki fram í frumvarpinu né greinargerð með því hvað sé ætlunin með slíka yfirsýn, ekki er gerð neina krafa um aðgerðir á grundvelli upplýsinganna eða hvernig þeim er ætlað að gagnast.

Það er tekið undir þau sjónarmið í greinargerð með frumvarpinu að raunveruleg mynd af því ástandi sem ríkir í dag er nauðsynleg til þess að hægt sé að grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á til að rétta samfélagið við aftur og koma heimilum og fyrirtækjum landsins til hjálpar. Hins vegar verður að setja spurningarmerki við hversu vel sú úttekt sem frumvarpið mælir fyrir um muni nýtast í þeim aðgerðum né hvernig henni er ætlað að stuðla að því, verður það nánar rakið hér.

Ofangreint frumvarp var lagt fram á síðasta löggjafarþingi í lítilliga breyttri mynd. Þær breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá síðasta þingi að nú nær það til bæði heimila og fyrirtækja. Ekki er sérstaklega rökstudd þessi útvíkkun á úttekt ráðherra, né heldur er útskýrt þörf fyrir að víkka svið upplýsinga sem ætlað er að afla en sérstaklega verður að gera athugasemd við það.

Nauðsynlegar upplýsingar?

Viðskiptaráð getur ekki tekið undir þau orð í greinargerð frumvarpsins að þær upplýsingar, sem farið er fram á að ráðherra hafi aðgang að, séu nauðsynlegar til að ákvarðanir stjórnvalda verði teknar með upplýstum hætti. Nú þegar, eins og vísað er til í greinargerðinni, hefur hluti þessara upplýsinga verið tekinn saman af Seðlabanka Íslands og ætti sú samantekt að gefa stjórnvöldum mynd af stöðu mála svo upplýstar ákvarðanir geti verið teknar eða í það minnsta verið nýtanlegt sem grunnur til þess. Telji stjórnvöld nauðsynlegt að hefja aðra úttekt á stöðuna í landinu verður ekki séð að þörf sé á eins víðtækri heimild til öflunar upplýsinga og frumvarpið gerir ráð fyrir til að varpa ljósi á stöðuna.

Það verður einnig að líta til þess tímabáttar sem er í ofangreindu frumvarpi. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir niðurstöðum af rannsókn ráðherra ekki síðar en 1. Janúar 2014, þó heimilt sé birta upplýsingar fyrir það tímamark. Það er einlæg von undirritaðrar að lausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja verði í sjónmáli töluvert fyrir það tímamark og að um það leyti sem skýrslu er ætlað að birtast séum við á siglingu sem miðar að mestu leyti upp á við. Hvort þetta sé óskhyggja er erfitt að segja til um en vonandi verður ekki þörf á þessum upplýsingum sem frumvarpinu er ætlað að gefa aðgang að með þeim hætti sem hér er mælt fyrir um.

Vernd upplýsinga

Það verður heldur ekki séð af frumvarpinu að nægilega sé tryggt hvernig meðferð gagna er háttað og að ekki verði rekjanlegt aftur til einstaklinga þau gögn sem aflað er. Svo tryggt verði með góðu móti að ekki verði hægt að rekja gögn aftur hlýtur samkeyrsla að vera gerð á grundvelli dulkóðunar en ekki kennitala, eðlilegt verður að teljast að allar upplýsingar séu þegar dulkóðaðar þegar þær berast ráðuneytinu. Sérstaka athugasemd verður að gera við það orðalag sem notað er í 3.gr. frumvarpsins, „...sem hverfandi litlar líkur er á að utanaðkomandi geti varparð aftur yfir í hin upphaflegu persónuauðkenni“. Notkun þessa orðalags vekur ekki upp traust á meðferð gagna, verður að mælast til þess að meðhöndlun ganga sé með þeim hætti að tryggt verði að ekki sé hægt að rekja gögn til viðkomandi persónu.

Frumvarpið veitir aðgengi að mjög viðmiklum og um leið í mörgum tilvikum persónulegum upplýsingum sem ber að varast að komist ekki í almennan aðgang. Að hafa allar þessar upplýsingar á einum stað án tryggrar verndar getur reynst varasamt og ekki til að vekja traust almennings eða atvinnulífs.

Aðrar athugasemdir

Annað sem verður að líta til í þessu samhengi er sá kostnaður sem skapast af öflun þessara gagna. Mikill kostnaður fyrir skráarhaldara er fólgin í gagnaöflun samkvæmt frumvarpinu, sérstaklega þar sem þeim ber að halda eftir gögnum á því formi sem ráðherra ákveður, þetta getur þýtt mikil viðbótarvinna og þar af leiðandi kostnaður fyrir viðkomandi stofnun sem fellur á hana.


Einnig er gert ráð fyrir í ofangreindu frumvarpi að niðurstöður úr rannsókn verði kynntar fyrir ráðherranefnd sem síðan tekur ákvörðun um hvernig skuli bregðast við og hvort birta eigi opinberlega. Það verður að gera þá kröfu til rannsóknarvinnu sem þessarar að niðurstöður hennar verði birtar opinberlega óháð aðgerðum stjórnvalda. Það verður að teljast eðlilegt og jafnvel krafa almennings að vera gerð grein fyrir niðurstöðum svo að öllum megi vera ljóst ástandið, en það einskorðist ekki aðeins við ráðherranefndina og viðhorf hennar til birtingar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að úttekt á grundvelli frumvarpsins hafi verið valin sem tilraunarverkefni við beitingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Það verður ekki séð að þetta sé í samræmi við markmið frumvarpsins né að í frumvarpinu felist heimild til að nýta upplýsingarnar með þessum hætti. Það verður því að gera athugasemd við notkun upplýsinga með þessum hætti.

Að lokum verður að gera athugasemd við að ætlunin sé að verja 50 milljónum af fjárlögum ríkisins næstu árin til þess að gera úttekt sem er óljóst hvernig muni nýtast né til hvers eigi að nýta hana. Eins og rakið hefur verið hér að ofan hefur ríkisstjórnin gefið út að ekki verði farið út í fleiri aðgerðir til bjargar heimilum landsins og einnig er sá aðgerðarpakki sem vonandi leysir vanda flestra fyrirtæja vel á veg komin. Sú úttekt sem hér um ræðir er því harla ekki að fara nýtast til bjargar þeim skuldavanda sem blasir við í landinu um þessar mundir, enda niðurstaðna ekki að vænta fyrir en eftir nokkur ár.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurmatið með ofangreindar athugasemdir að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands